

Sp. **792. Tillaga til þingsályktunar** [334. mál]
um þyrlukaup.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir kaupum á þyrlum, sem staðsettar yrðu á Austurlandi og Vestfjörðum. Þyrlurnar yrðu keyptar í samráði við Slysavarnafélag Íslands, slysavarnadeildirnar á Austurlandi og Vestfjörðum og Landhelgisgæsluna, enda fyrst og fremst ætlaðar til nota í þágu þessara aðila.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þýðingu öflugra slysavarna jafnt á sjó og landi. Ekki síður er það staðreynd, að Landhelgisgæslan þarf yfir að ráða sem bestum og fjölbreyttustum tækjakosti til sinna margþættu verkefna. Þyrlukaup, eins og hér eru lögð til, mundu þjóna háðum aðilum mætavel og öryggi þessara landshluta hvað slysavarnir varðar yrði í hvívetna betur tryggt. Slík þyrlukaup hafa enda verið baráttumál áhugafólks í þessum fjórðungum um áraraðir. Allt mælir með því, að þessu verði hrundið í framkvæmd hið fyrsta. Því er tillaga þessi flutt.